

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, Hellatún.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. desember 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að tvö landbúnaðarsvæði á jörðinni Hellatúni í Ásahreppi breytast í svæði fyrir frístundabyggð, annars vegar um 8 ha svæði (F14) og hins vegar um 1 ha svæði (F15). Gert er ráð fyrir 12 frístundalóðum á stærra svæðinu og 5-7 orlofshúsum á minna svæðinu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 18. desember 2008.*

**Þórunn Sveinbjarnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2009